

Reglugjörð

um

viðauka við reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum, dagsetta 17. maí 1902.

Auk stjórnarvalda þeirra, er talin eru í 1. gr. reglugjörðar 17. maí 1902 um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum, skulu

forstjóri landssimanna og

forstjórar landssimastöðvanna á Akureyri og Seyðisfirði

taldir meðal stjórnarvalda þeirra, er getur um í 11. gr. a, 1, og 12. gr., sbr. 14. gr. í póstlögunum frá 13. septbr. 1901.

í stjórnarráði Íslands, 3. október 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

fyrir

búnaðarskóla á Eiðum.

1. grein.

Tilgangur skólans er að veita ungum mönnum þekkingu í jarðrækt, einkum verklega, og vekja yfirhöfuð áhuga á allskonar framförum í búnaði.

2. grein.

Til skólans er lagt gjald það úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sem samkvæmt lögum 4. júní 1898 á að ganga til búnaðarskóla, og allur annar styrkur af almannaþje, er veittur verður skólanum.

3. grein.

Skólinn stendur undir umsjón Múlasýslnanna. Sameinaður sýslufundur felur öðrum hvorum oddvita sínum úrskurðarvald á reikningum skólans um 3 ár í senn.

93

8. septbr.

4. grein.

Báðar Múlasýslurnar eru stofnendur og eigendur skólans, að helmingi hvor, og bera eptir sama hlutfalli árlegan kostnað við hann. Sýslunefndirnar skipa skólastjórn og útvega fje til skólans. Þær fela þeim sýslumanninum, sem skólastjórn og skóli á hægra með að ná til, að innheimta tekjur þær, sem nefndar eru í 2. grein og at útborga peninga þessa eptir ávísun skólastjórnarinnar.

Sýslunefndirnar kjósa 2 endurskoðunarmenn, sinn hvor, á vorfundum sínum til eins árs í senn.

5. grein.

Í stjórn skólans eru 3 menn, sem kosnir eru á sameinuðum sýslufundi Múlasýslanna, til 3ja ára í senn, frá 15. september að telja, og skulu þeir vera kjörgengir í sýslunefnd. Stjórnin kys sjálf formann sinn.

6. grein.

Skólastjórn ræður starfsmenn skólans, nema bústýru, hana ræður bústjóri í samráði við skólastjórn.

Ráðningu þessari má segja upp af beggja hálfu, stjórnar og starfsmanna, með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara getur sameinaður sýslufundur sagt upp starfsmönnum skólans.

7. grein.

Skólastjórn semur við árslok hvert ár sundurliðaðan reikning yfir tekjur og gjöld skólans á liðna árinu og sendir úrskurðarmanni, sbr. 3. gr., og áætlun um tekjur og gjöld hans á næsta ári og sendir hana oddvitum sýslunefndanna. Hún gjörir tillögur um, hve mikils fjár skólinn þarfnast af sýslunum það árið, og ávisar peningum skólans upp í útgjöld hans samkvæmt 4. gr. Reikningsár skólans er frá 6. júní til 6. júní.

8. grein.

Skólastjórn ákveður, hve margir piltar fái inntöku í skólann. Hún semur og reglur um það, sem þörf er á við skólann og ekki er tekið upp í reglugjörð þessa.

9. grein.

Skólastjórn úrskurðar ágreining milli starfsmanna skólans innbyrðis og á milli starfsmanna og nemenda og visar piltum úr skóla, ef sakir eru til. Hún gefur og starfsmönnum skólans erindisbrjef.

10. grein.

Skólastjórn hefir stöðugt eptirlit með því, hvernig fram fer á skólanum, bæði að því er kennslu, hegðun pilta og búnaði viðvikur, og heldur með sjer fundi í því skyni á hentugum tíma.

Í fardögum skal hún ár hvert skrásetja og virða alla eign skólabúsins, **93**
 dauða og lifandi. Hafi eitthvað misfarizt fyrir vanhirðu eða skort á eptirliti, **3. septbr.**
 heldur hún virði þess eptir af launum bústjóra. Skólastjórnin ber ábyrgð á
 gjörðum sínum gagnvart sýslunefndunum.

11. grein.

Laun skólastjórnarmanna eru 3 krónur fyrir hvern dag, sem þeir eru
 að heiman í þarfir skólans, og auk þess borgun fyrir ritstörf heima hjá sjer eptir
 reikningi. Sömu þóknun fá endurskoðunarmenn.

12. grein.

Starfsmenn skólans eru: Skólastjóri, aðstoðarkennari, bústjóri og bústýra.

13. grein.

Skólastjóri er aðalkennari skólans. Hann hefir umsjón með bókasafni
 skólans og kennslutækjum öllum. Hann skal jafnan hafa til sölu kennslubækur
 og ritföng handa lærisveinum — allt eptir nánari fyrirælum í erindisbrjefi hans.

14. grein.

Aðstoðarkennari gegnir kennslu við skólann eptir þeim reglum, sem
 settar verða.

15. grein.

Bústjóri hefir á hendi stjórn skólabúsins og reikningshald þess. Hann
 ræður hjú skólans, hann ábyrgist að búið liði ekki hnekki fyrir óskynsamlega
 heyásetningu eða vanhirðingu grípa. Hann byggir út jarðir skólaeignarinnar og
 innheimtir eptirgjöld þeirra. Hann hefir og innheimtu og reikningshald kirkjunnar
 á hendi og önnur þau störf, sem skólastjórn kann að fela honum. — Allt eptir
 þeim nánari reglum, sem hún kann að setja í erindisbrjefi bústjóra.

16. grein.

Bústýra stjórnar skólabúinu innanstokks undir yfirstjórn bústjóra, eptir
 nánari reglum í erindisbrjefi hennar.

17. grein.

Árslaun skólastjóra eru 1200 krónur. Laun aðstoðarkennara ákveður
 skólastjórn allt að 500 krónum.

Árslaun bústjóra eru 250 kr. föst og allt að 25 % af hreinum árlegum
 arði skólabúsins.

Árslaun bústýru eru 200 kr. föst og allt að 10 % af hreinum árlegum
 arði skólabúsins.

Allir þessir starfsmenn skólans hafa, auk launa sinna, ókeypis húsnæði,
 ljós og hita á skólanum, og bústjóri og bústýra ennfremur fæði og skæðaskinn.

93 Fæði og þjónustu fá kennarar skólans keypt á skólabúinu fyrir allt að 3. septbr. 30 kr. um mánuðinn.

18. grein.

Fela má sama manni störf skólastjóra og bústjóra. En þegar svo er, getur skólastjórnin krafizt þess, að hann taki sjer mann til aðstoðar á sinn kostnað.

19. grein.

Við verklegt nám eru tvö kennsluskeið. Hið fyrra frá 15. maí til 30. júní incl. og hið síðara frá 1. til 30. september.

Lengja má þessi kennsluskeið allt að 2 vikum.

Við bóklegt nám eru einnig 2 kennsluskeið, annað frá 1. nóvember til 10. febrúar og hitt frá 1. nóv. til 10. maí.

Heimilt er nemendum að nota eitt eða fleiri námsskeið, en aðalreglan er, að þeir, sem vilja nota þau öll, byrji á hinu bóklega og endi á hinu verklega námi. Slikum nemendum getur skólastjórn, í samráði við kennara, leyft dvöl um 1 vetrartíma í viðbót til að fullkomna þá í náminu.

20. grein.

Umsóknir um skólavist skulu komnar til skólastjóra að minnsta kosti 6 vikum áður en það námskeið byrjar, er óskað er að nota. Umsækjandi um bóklegt nám skal vera vel læs, sæmilega skrifandi, kunna í reikningi 4 höfuðgreinir í heilum tölum og tugabrotum og skilja auðveldla dönsku. Vottorð prests um gott siðferði skal fylgja umsókn hverri.

Að jafnaði veitist ekki inntaka á verklegu námsskeiðin yngri piltum en 18 ára og á hin bóklegu 16 ára.

21. grein.

Námsveinar fá ókeypis á skólanum kennslu, húsnæði, hita og ljós; bækur rúmfatnað og skæðaskinn leggja þeir sjer til sjálfir. Fæði og þjónustu fá þeir keypt á skólabúinu fyrir 20 krónur um mánuð hvern. Fæðispeningar greiðist fyrirfram fyrir mánuð hvern eða tryggist með ábyrgð, er skólastjóri tekur gilda. Sameiginlegt matarhald getur skólastjórn leyft.

22. grein.

Fyrir vinnu sína við verklegt nám fá nemendur þóknun eptir þroska og ástundun að loknum námsskeiðum, eptir nánari reglum, er skólastjórn setur.

23. grein.

Verklega skal kennt:

1. Notkun hinna nauðsynlegustu jarðyrkjuverkfæra (plógs, herfis, hestareku, kerru o. s. frv.).

2. Meðferð og notkun áburðar.
3. Þúfnasljettun.
4. Garðhleðsla.
5. Skurðagjörð til vörzlu og vatnsveitinga.
6. Ræktun mat- og sáðjurta.
7. Land- og hallamæling.

Leikfimi og sund skal kenna, ef hentugleikar leyfa.

93
3. septbr.

24. grein.

Bóklega skal kennt:

1. Íslenzka.
2. Ágrip af náttúrufræði, (mann-, grasa, efna- og eðlisfræði).
3. Jarðyrkjjufræði (um eðli og samsetningu jarðtegunda, áburð, túnrækt, garðyrkju, framræslu, áveitu o. s. frv.).
4. Húsdýrafræði (kvikfjárrækt, húsdýrasjúkdómar).
5. Búnaðarhagfræði og búreikningagjörð.
6. Ágrip af rúmmálsfræði, land- og hallamæling.
7. Reikningur (brot, þriliða, prósentureikningur og draga út kvadratrót).
8. Dráttist: að gjöra uppdrætti af landi, húsum og verkferum.
9. Ágrip af landfræði Íslands.
10. Danska, ef hægt er.

25. grein.

Gefa skal nemendum bóklegar og verklegar bendingar um hirðing búpenings og byggingu (*Ydrelære*).

26. grein.

Kennslan fer aðallega fram með fyrirlestrum í þeim námsgreinum, sem hægt er að koma því við.

27. grein.

Námssveinar eiga rjett á að fá vottorð skólastjóra að loknu námi um kunnáttu þeirra í verklegri og bóklegri búfræði og hegðun þeirra á skólanum.

28. grein.

Við skólann skal bændum og bændaefnum veittur kostur á að hlýða á fræðandi og vekjandi fyrirlestra, auk hinnar almennu kennslu, tvisvar á vetri, eina viku í senn, sem byrji 10. nóv. og 11. febrúar. — Efni fyrirlestranna velja kennarar skólans.

29. grein.

Reglugjörð þessi, skal eptir að Amtsråd Austuramtsins hefir staðfest hana, prentuð í B-deid Stjórnartíðindanna.

93

3. septbr.

30. grein.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 1. nóv. 1906, er felld úr gildi reglugjörð Eiddaskólans frá 5. ágúst 1903.

31. grein.

Breyting á reglugjörð þessari er því að eins gild, að meiri hluti mættra sýslunefndarmanna úr hvorri sýslunefnd Múlasýslanna, á lögætum sameiginlegum fundi, samþykki hana og ráðherra Íslands staðfesti.

Reglugjörð þessi, sem samin er af sýslunefndum Múlasýslanna á sameinuðum sýslufundi 7. apríl 1906, var staðfest af amtsráði Austuramtsins á aðalfundi þess 27.—30. ágúst þ. á.

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði, 3. sept. 1906.

Jóh. Jóhannesson.

94

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 25. og 26. júní 1906.

Ár 1906 25. júnimán. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, fv. amtmani J. Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Jóni bónda Einarssyni á Hemru (úr Vesturskaptafellssýslu), prestinum síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rángárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), Ágúst bónda Jónssyni í Höskuldarkoti (úr Gullbringusýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra Hálsi (úr Kjósarsýslu) og varaamtsráðsmanni Hirti skólastjóra Snorrasyni á Hvanneyri (úr Borgarfjarðarsýslu), en síra Guðmundur prófastur Helgason í Reykholti hafði tjáð forseta forföll sín vegna sjúkleika.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1905, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og Vesturskaptafellssýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1905. Var hann fenginn amtsráðsmönnum úr Rángárvallasýslu og Gullbringusýslu til endurskoðunar.
3. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsráðsins við búnaðarstofnunina